

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, nr. 502/2012.

1. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 4. töluliður, sem orðast svo:

*Fyrirframgreiðslur vegna uppgjors A deildar Brúar lífeyrissjóðs:* Draga skal frá heildarskuldum eftirstöðvar fyrirframgreiðslna vegna Varúðarsjóðs og Lífeyrisaukasjóðs vegna framlaga sveitarfélags í tengslum við uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 64. gr. og 81. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 23. ágúst 2017.*

**Jón Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*